

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

100. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn fimmtudaginn 9. september árið 2021. Fundurinn fór fram í fjárfundi á Teams og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jón Ingi Gíslason og Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Málafni Vonarsjóðs. - Málsnr. 2109014SA**

Að ósk Félags grunnskólakennara eru tekin til umfjöllunar mál er líta að Vonarsjóði sem er samningsbundinn sjóður og starfar samkvæmt samþykktum sem samningsaðilar hafa sammælt um. Stjórn Vonarsjóðs fer með stjórn sjóðsins. og er hún skipuð fimm fulltrúum. Félag grunnskólakennara hefur lagt eftirfarandi fram vegna málsins:

**a. Krafa Félags grunnskólakennara um að c deild Vonarsjóðs styrki kaup á búnaði/tækjum til líkams og/eða sjálfstyrkingar.**

Í beiðni Félags grunnskólakennara um fund var óskað eftir skýringu SNS á meintum samtölum sem liggja ákvörðun stjórnar Vonarsjóðs til grundvallar. Þau meintu samtöl tengjast því hvort styrkja megi kaup á búnaði, tækjum og fatnaði.

Upphaf málsins er að stjórn Vonarsjóðs barst erindi frá þjónustustjóra sjóða hjá KÍ, dags. 23. ágúst sl., þar sem óskað er eftir skriflegri túlkun stjórnar á því hvort kaup á tækjum og búnaði, t.d. íþróttabúnaði, fatnaði og/eða tækjum, teljist styrkhæf skv. nýjum C-hluta í úthlutunarreglum sjóðsins, Einstaklingsbundinn styrktarsjóður. Var beiðnin send þar sem KÍ taldi að uppi væri ágreiningur um hvað teldist styrkhæft. Meirihluti sjóðstjórnar þ.e. fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi skólastjórafélags Íslands töldu að „...ekkert í orðalagi um styrkhæf verkefni í reglum sjóðsins, sbr. gr. 3.1 staflíður c, gefa það til kynna né að það sé í anda þeirrar umræðu sem fram fór við undirbúning og samþykkt hans.

Í greinargerð Félags grunnskólakennara var í fyrsta lagi bent á að umrætt erindi væri ekki á valdsviði stjórnar Vonarsjóðs með þeirri skýringu að stjórn Vonarsjóðs beri að taka afstöðu til erinda ekki annað sbr. 4. gr. reglna sjóðsins. Þá er það hlutverk samningsaðila að ákvarða reglur sjóðsins, sbr. 10.6.1 í kjarasamningi og því utan valdsviðs stjórnar Vonarsjóðs.

Þá tók Félag grunnskólakennara fram að félagið kannast ekki við að á neinum stigum hafi átt að banna það að styrkja kaup á búnaði til líkams og/eða sjálfstyrkingar og kannast ekki við að nein samskipti hafi átt sér stað í þá átt. Þá telur félag grunnskólakennara að greinin sé alveg skýr, hvergi sé hægt að finna rök fyrir því í greininni að bannað sé að styrkja búnað.

Óskað er eftir áliti samstarfsnefndar um hvort styrkja eigi kaup á búnaði til líkams og/eða sjálfstyrkingar.

### **Niðurstaða:**

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þessu máli.

### **SNS vill bóka eftirfarandi:**

Formaður stjórnar Vonarsjóðs, sem er fulltrúi Skólastjórafélags Íslands í sjóðnum, hafði frumkvæði að stofnun C deildar Vonarsjóðs í samvinnu við formann SÍ í gegnum kjarasamning félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í þeirri vinnu var skýrt að sambandið myndi ekki styrkja búnaðarkaup enda engin fordæmi fyrir styrkveitingum til tækja, búnaðar eða fatakaupa í öðrum starfsmenntunarsjóðum sem sambandið á aðild að í gegnum kjarasamninga við önnur stéttarfélög. Þessi afstaða SNS lá því alltaf fyrir. Í samræmi við umræður milli aðila tók formaður SÍ að sér það hlutverk að kynna framkomnar hugmyndir fyrir formanni FG. Skv. upplýsingum frá formanni SÍ voru ekki gerðar athugasemdir af hálfu FG við framkomnar hugmyndir og fagnaði formaður FG þessari niðurstöðu og staðfesti það samkomulag sem SNS og SÍ komumst að við vinnslu málsins. Til samræmis við umræðu milli SNS og SÍ hefur formaður SÍ einnig staðfest að kynning hefði farið fram í framhaldinu við formenn FSL, FL og FT í þeim tilgangi að breytingarnar næðu einnig fram að ganga hjá Vísindasjóði FSL og FL og Starfsmenntunarsjóð FT.

Þann 19. maí 2021 undirritaði Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt fulltrúum Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands í samstarfsnefndum aðila rafrænt undir samþykktir sjóðsins þar sem meðal annars kemur fram í grein 4.1 að: „Stjórn sjóðsins sker úr um vafaatriði um styrkhæfi umsókna.“. Það er því ekki á hendi samstarfsnefndar samningsaðila að skera úr um vafaatriði heldur hafa samningsaðilar falið sjóðsstjórn það valdsvið samkvæmt grein 4.1. Þá áréttar SNS að ákvörðun stjórnar telst lögmæt ef meirihluti stjórnarmanna greiðir henni atkvæði, sbr. gr. 1.3 í samþykktum sjóðsins. Telji FG að sjóðsstjórn hafi ekki fylgt þeirri meginreglu að fjalla um styrkhæfi umsókna heldur hafi hún tekið afstöðu um hvað teldist styrkhæft án þess að fjalla um tiltæka umsókn er einfaldast að umsókn um búnaðarkaup fari fyrir stjórnina sem sker þá úr um það hvort umsóknin er styrkhæf. Sú afgreiðsla yrði síðan fordæmisgefandi fyrir sambærilegar umsóknir.

Að mati SNS er fullkomlega eðlilegt að sjóðsstjórn taki þá skýru afstöðu sem þegar er komin fram út frá þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um málið að kaup á tækjum og búnaði, t.d. íþróttabúnaði, fatnaði og/eða tækjum, teljist ekki styrkhæf skv. nýjum C hluta. Fulltrúar í stjórn Vonarsjóðs höfðu út frá allri umræðu um málið upplýsingar um að svo væri ekki. Það sama á við um stjórnir annarra sjóða innan KÍ sem tóku upp samskonar ákvæði strax í kjölfarið en þær hafa staðfest að búnaður, fatnaður og/eða tæki, teljist ekki styrkhæf.

SNS vísar til ábyrgðar fulltrúa FG sem skrifar undir nýjar samþykktir athugasemdarlaust. Sú eftir á skýring að félagið eða formaður þess hafi ekki fengið upplýsingar um hvað breytingarnar fælu í sér stenst ekki skoðun enda hefðu fulltrúar félagsins á hvaða tímapunkti sem er geta óskað eftir samtali um breytingarnar ef eitthvað var óljóst eða ef félagið vildi koma einhverju á framfæri. Þá kemur það fulltrúum SNS á óvart miðað við málaltilbúnað FG og þeim fullyrðingum félagsins að hafa ekki komið að borðinu í umræðu um breytingar á samþykktum sjóðsins, að í skriflegum tillögum FG og SÍ um breytingar á samþykktum Vonarsjóðs sem bárust SNS með tölvupóti frá formanni FG þann 31. janúar 2018 var hvergi gert ráð fyrir að búnaður eða tækjakaup væru styrkt.

SNS hafnar því sem fyrr að C deild sjóðsins sé heimilt að styrkja kaup á búnaði til líkams- og/eða sjálfstyrkingar. Þá undirstrikar SNS þá afstöðu sína að ef ætlun samningsaðila hefði verið að styðja við kaup á búnaði og tækjum hefði það verið skrifað með skýrum hætti inn í samþykktir sjóðsins.

Að lokum harmar SNS það uppnám sem fulltrúar FG hafa valdið með sínum málaltilbúnaði sem gengur gegn hagsmunum félagsmanna þar sem ekki er hægt að hefja afgreiðslu styrkveitinga úr sjóðnum með sama hætti og komið er ágreiningslaust til framkvæmda gagnvart félagsmönnum innan KÍ sem eiga aðild að Vísindasjóði FSL og FL og Starfsmenntunarsjóð Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Að lokum skal tekið fram að sjóðsstjórn Vonarsjóðs nýtur fulls trausts SNS.

#### **FG vill bóka eftirfarandi:**

Í fyrsta lagi vill Félag grunnskólakennara koma því á framfæri að hugmyndin að þeim reglum sem samþykktar voru komu upprunalega frá Félagi grunnskólakennara. Eins og kemur fram í bókun SNS þá var málið svo unnið áfram án aðkomu Félags grunnskólakennara og ber að harma þá málsmeðferð og þá lítilsvirðingu sem Félagi grunnskólakennara er sýnd í ferlinu. Það getur ekki talist eðlilegt að í þríliða samkomulagi þá taki tveir aðilar sig saman og semji um hluti sem þriðji aðilinn fær engar upplýsingar um. Slíkar samræður geta ekki verið bindandi fyrir Félag grunnskólakennara enda tók félagið ekki þátt í þeim viðræðum. Þá liggur hvergi formlega fyrir hvað var rætt eftir að gengið var framhjá Félagi grunnskólakennara í ferlinu. Orðalag reglna C deildar innifela ekki í sér neinar þær hömlur sem réttlæta það að hafna því að styrkja kaup á búnaði. Þá getur Félag grunnskólakennara ekki fallist á að það geti talist vera eftiraskýring að halda fram skilningi Félags grunnskólakennara á reglunum. Þegar Félags grunnskólakennara uppgötvar að SNS og SÍ fóru á bak við Félag grunnskólakennara og vill fá réttan skilning fram þá er það lítilsvirðing og hroki af hálfu SNS að halda því fram að það sé eftiraskýring. Félag grunnskólakennara taldi aldrei í ferlinu þörf á neinum útskýringum enda reglurnar alveg skýrar að mati Félags grunnskólakennara.

Þá er rétt að geta þess að Félag grunnskólakennara fagnaði því að C deild væri komið á fót byggt á þeim skilningi að engar takmarkanir væru varðandi umsóknir aðrar en að nota ætti styrkinn til líkams og/eða sjálfstyrkingar.

Þá fagnaði Félag grunnskólakennara því að ekki ætti að mismuna félagsmönnum. Það er ekki rétt að Félag grunnskólakennara hafi verið upplýst um hvað fór á milli formann SÍ og SNS, Félag grunnskólakennara stóð í þeirri meiningu að félagið væri að samþykkja reglurnar eins og var tillaga Félags grunnskólakennara þegar upprunalegu reglurnar voru samþykktar. Þá vill Félag grunnskólakennara taka fram að kynningar sem SÍ hélt um c deildina fyrir önnur stéttarfélög er ekki á ábyrgð Félags grunnskólakennara og veit Félags grunnskólakennara ekkert hvað fór fram á þeim kynningum.

Í öðru lagi þá vill Félag grunnskólakennara svara því til varðandi aðkomu sjóðstjórnar Vonarsjóðs að þá er hlutverk stjórnar, samkvæmt 4. gr. samþykktu sjóðsins, að taka afstöðu til umsókna, þetta má sjá einnig á 7. gr. þjónustusamnings milli stjórn Vonarsjóðs og KÍ en þar kemur fram að ágreiningsmál vegna samningsins beri formenn KÍ, FG og SÍ annarsvegar og þrír fulltrúar SNS hinsvegar að leysa úr. Félag grunnskólakennara vill ítreka að það er ekki hlutverk sjóðstjórnar að semja úthlutunarreglur heldur samningsaðila kjarasamnings aðila sbr. grein 10.6.1. Það er aftur á móti ljóst, komi búnaðarkaup til umfjöllunar stjórnar Vonarsjóðs, hvernig aðilar í stjórn munu greiða atkvæði.

Í þriðja lagi harmar Félags grunnskólakennara þann hroka og lítilsvirðingu sem Félagi grunnskólakennara hefur verið sýnt í ferlinu sem endurspeglast vel í bókun með því að SNS fullyrðir að Félag grunnskólakennara sé að koma öllu í uppnám og stoppa úthlutanir þegar, í raun, að Félag grunnskólakennara er að leita réttar félagsmanna sinna. Það væru engin vandamál ef SNS og SÍ hefðu komið hreint fram í þessu máli.

Að lokum er það einurð afstaða Félags grunnskólakennara að kaup á búnaði eru styrkhæf úr C deild sjóðsins, sbr. reglur C deildar reglna Vonarsjóðs.

#### **b. Félag grunnskólakennara telur að erindi vegna C deildar Vonarsjóðs eigi ekki að fara fyrir stjórn sjóðsins.**

Í greinargerð Félags grunnskólakennara er gerð grein fyrir því að aðilar hafi verið sammála við gerð reglna um C deild Vonarsjóðs að engin erindi hafi átt að fara fyrir stjórn Vonarsjóðs vegna C deildar sjóðsins. Þar sem ekkert er til um það skriflegt og fulltrúar sambandsins og SÍ telja sér heimilt að fjalla um sjóðinn án aðkomu FG þá vill Félag grunnskólakennara fá úr því skorið hvort stjórn Vonarsjóðs hafi átt að hafa afskipti af C deild sjóðsins.

Óskað er eftir áliti samstarfsnefndar um hvert sé hlutverk stjórnar Vonarsjóðs vegna umsókna í C deild Vonarsjóðs.

#### **Niðurstaða:**

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þessu máli.

#### **SNS vill bóka eftirfarandi:**

Með vísan til umræðu um aðkomu stjórnar Vonarsjóðs að C deild sjóðsins liggur eftirfarandi fyrir:

Ákveðið var að sjóðsstjórn hefði sem minnsta daglega umsýslu með C-hluta Vonarsjóðs og starfsmönnum sjóðasviðs KÍ væri falið að afgreiða umsóknir í samræmi við fyrirbyggjandi samþykktir. Sjóðstjórn ber hins vegar áfram fullnaðarábyrgð á úthlutun úr sjóðnum og sker sem fyrr úr um vafaatriðum sem kunna að koma upp um styrkhæfi umsókna og starfsmenn sjóða telja að skýra þurfi nánar, sbr. gr. 4.1 í samþykktum sjóðsins. Ástæða framangreinds fyrirkomulags var að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að ný deild leiddi til hækkunar á aðstöðugjaldi KÍ skv. þjónustusamningi þar um. Þetta var talið mikilvægt í því ljósi að gríðarlega mikil hækkun varð á aðstöðugjaldi við breytingar sem gerðar voru á samþykktum sjóðsins árið 2015. Það er skýrt að samþykktir Vonarsjóðs hafa verið samþykktar af öllum samningsaðilum og að samþykktirnar í heild gilda um starfsemi C-deildar líkt og um aðra sjóði innan Vonarsjóðs. SNS treystir stjórn sjóðsins til að starfa í samræmi við samþykktir sem meðal annars fela stjórninni að ákvarða um vafaatriði vegna afgreiðslu umsókna.

**FG vill bóka eftirfarandi:**

Félag grunnskólakennara ítrekar að það sé miður að samning reglnanna hafi á lokametrunum verið gerð á bak við fulltrúa Félags grunnskólakennara. Það litla sem fulltrúi Félags grunnskólakennara var upplýstur um var umsóknir í c deild fær ekki fyrir stjórn Vonarsjóðs heldur myndi KÍ afgreiða allar umsóknir á ábyrg stjórnar Vonarsjóðs. Félag grunnskólakennara harmar að þær litlu upplýsingar um samskipti SÍ og SNS sem Félag grunnskólakennara fékk áður en samningur var undirritaður skuli ekki heldur hafa verið réttar en það er í anda annars sem hefur gerst í þessu máli.

**2. Gildissvið vinnuskýrslu og uppsögn á starfsheiti eða fastrí yfirvinnu. - 2109015SA**

Fulltrúar FG óska eftir því að orðið verði við kröfu félagsins um að ef breyting er gerð á launaröðun, starfsheiti og/eða fastrí yfirvinnu í þeim tilfellum þar sem kennari mætir til starfa að hausti og fær þá fréttir um að búið sé að ráðstafa vinnuframlagi hans með öðrum hætti en hann mátti vænta, gerum við kröfu um að launamunur sé greiddur í 3 mánuði hið minnsta.

**Niðurstaða:**

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þessu máli.

**SNS vill bóka eftirfarandi:**

SNS hafnar kröfu félagsins um að ef breyting er gerð á launaröðun, starfsheiti og/eða fastrí yfirvinnu í seinna starfsmannasamtali milli skólastjóra og kennara sem fram fer að vori séu viðbótarlaun sem geta komið til greidd í 3 mánuði hið minnsta. Gildissvið umsaminna starfsheita og fastrar yfirvinnu eða annara viðbótargreiðslna eru bundnar við eitt skólaár í senn og ekki þarf að segja þeim viðbótarkjörum eða starfsheitaröðun upp með sérstakri uppsögn, enda um að ræða tímabundin viðbótarkjör umfram ráðningu í starfsheitið Grunnskólakennari.

**FG vill bóka eftirfarandi:**

Á fundi samstarfsnefndar var rætt tilvik eins kennara sem er ástæða erindisins eins og kemur fram í greinargerð með erindinu. Fyrirsögn erindisins hefur verið leiðrétt til samræmis við erindi Félags grunnskólakennara og umræður á fundi samráðsnefndar.

Með kjarasamningi aðila árið 2001 ákváðu aðilar kjarasamningsins að gera kerfisbreytingu „... til að bæta skólastarf...“. Tilgangur kerfisbreytingarinnar var að „... skapa ákveðið svigrúm til kjarabreytingar með það að markmiði að gera grunnskólann samkeppnishæfan og kennarastarfið eftirsóknarvert.“ Með kjarasamningum fylgdi handbók um framkvæmd þessa nýja kerfis en þessar leiðbeiningar hafa ekki breyst síðan 2001 enda umrætt kerfi enn við líði. Í handbókinni er kafli um það hvernig á að standa að gerð vinnuskýrslu kennara fyrir næsta skólaár. Þar kemur m.a. fram að starfsmannasamtöl séu óhjákvæmilegur þáttur nútíma stjórnunar. Er þar gert ráð fyrir að „... starfsmannasamtöl komi til með að vera forsenda að skipulagi hvers skólaárs.“ Ennfremur er þar gert ráð fyrir að starfsmannasamtölin verði tvö og að í seinna starfsmannasamtalinu eigi skólastjóri að kynna vinnuskýrslu næsta skólaárs fyrir kennara. Eins og kom fram á fundinum og í erindi Félags grunnskólakennara þá var til umræðu tilvik þar sem að kennari fékk breytta vinnuskýrslu/ stundartöflu í lok ágúst eftir að kennsla hafði hafist. Það samrýmist ekki því verklagi sem handbókin gerir ráð fyrir. Afstaða sú sem kemur fram á samráðsfundinum og í niðurstöðu SNS felur í sér að sá sveigjanleiki sem verið hefur fyrir skólastjóra til að skila inn stundatöflu/ vaktarplani kennara er fallinn úr gildi.

Þegar umræddur kennari mætti til vinnu að hausti mátti hún vænta að verkefni sem hún hefur gegnt við skólann í nokkur ár yrðu óbreytt, þar sem að ekkert var um það rætt um vorið. Það að skólastjóri breytti því einhliða að hausti eftir að skólaár er hafið, eftir 1. ágúst, er að mati Félags grunnskólakennara klár uppsögn á samningi og því verði samkvæmt lögum og kjarasamningi að greiða þá launalækkun sem varð eins og um uppsögn sé að ræða sbr. lög og kjarasamninga.

### 3. Önnur mál

Mál lagt fram til kynningar af hálfu FG er varðar veikindi í orlofi og samspil þess við endurmenntun og orlofstöku að loknum veikindum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:03.